



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 22. október 2015

Ákvörðun nr. 30/2015

Kaup Sjávarsýnar ehf. á öllu hlutafé í Ellingsen ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst með bréfi þann 17. september sl. tilkynning um kaup Sjávarsýnar ehf. (hér eftir Sjávarsýn) á öllu hlutafé í Ellingsen ehf. (hér eftir Ellingsen). Meðfylgjandi tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Með bréfi dags. 21. september tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt samtöl við samrunaaðila, kynnt sér framlögð gögn þeirra ásamt opinberum gögnum er varpa ljósi á helstu atriði málsins.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar, s.s. þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki eða þegar aðili sem þegar hefur yferráð yfir a.m.k. einu eða fleiri fyrirtækjum nær beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti, sbr. b. og c. liðir 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að Sjávarsýn sé fjárfestingafélag í einkaeigu, undir sömu yferráðum séu fyrirtæki sem hafa með höndum atvinnustarfsemi á mörkuðum sem eru ótengdir þeim

markaði sem Ellingsen starfi á. Segir að fjárfesting í Ellingsen falli vel að fjárfestingarstefnu Sjávarsýnar. Í skránni kemur jafnframt fram að Ellingsen sé félag sem annist innflutning og sölu á vel þekktum útivistar- og lífstílsvörum.

III.

Niðurstaða

Samrunaaðilar telja Ellingsen starfa á markaði fyrir innflutning og sölu á útivistar- og lífstílsvörum líkt og áður kemur fram. Telja þeir landfræðilega markaðinn vera landið allt og að líkindum megi greina markaðinn nánar niður í einstaka undirmarkaði eftir aðgreindum vörutegundum. Samrunaaðilar telja ljóst að umtalsverður fjöldi aðila starfi á umræddum mörkuðum og að markaðshlutdeild Ellingsen sé óveruleg. Í því sambandi er



vísað til Árbókar verslunarinnar 2014 en í henni segir að 122 smásöluaðilar hafi verið starfandi á íþrótt- og tómstundavörumarkaði á árinu 2013. Því er jafnframt haldið fram að kaup Íslenskra neytanda á þeim vörum sem fyrirtækið selur fari í verulegum mæli fram erlendis eða í gegnum erlendar vefsíður.

Samkeppniseftirlitið fellst á framangreinda lýsingu samrunaaðila í meginatriðum en hún er í samræmi við önnur gögn sem eftirlitið hefur undir höndum hvað varðar stöðu á umræddum mörkuðum og umsvif aðila á þeim. Nokkur fjöldi aðila starfar á umræddum mörkuðum og líkt og réttilega er bent á í samrunaskrá er hlutdeild samrunaaðila ekki slík að hún geti falið í sér markaðsráðandi stöðu. Þá leiðir samruninn ekki til aukinnar samþjöppunar á nokkrum markaði og ekki er ástæða til að ætla annað en að tilgangur fjárfestingarinnar sé fyrst og fremst að tryggja ávöxtun fjármuna.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Sjávarsýnar ehf. á öllu hlutfé í Ellingsen ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson